

Bekkjarnámskrá Íslenska – 2. bekkur
Skólaárið 2025 -2026



Kennarar: Harpa Björgvinsdóttir og Sigríður G Guðlaugsdóttir

Tímafjöldi: 8 kennslustundir á viku

Markmið

- Haft lestrarhraða upp á 40 - 100 orð á mín við lok 2. bekkjar
- Að geta beitt skýrum og áheyrilegum framburði.
- Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr
- Dregið rétt til stafs
- Skrifað skýrt og læsilega
- Gert greinamun á andheiti – samheiti, samsett orð.
- kunnað sögugerð (upphaf, miðja, endir)

Námsefni

- Litla lesrún
- Ritrún 2
- Skrift 1a
- Skrift 1b
- Ýmsar skriftaræfingar
- lestrarbækur við hæfi hvers og eins
- Ljósrituð verkefni frá kennara

- Sögubókin mín

Kennsluaðferðir:

- Innlögn frá kennara
- Hópavinna
- Einstaklingsvinna
- Bókasafn
- Umræður
- Spil og leikir
- Frásagnir nemenda

Námsmat

- Lesfimiþróf eru tekin í september, janúar og maí.
- Verkefni eru gerð í samræmi við hæfniviðmið.
- Skriftarbækur, framsögn og ritunarverkefni metin.

Hæfniviðmið – námsþættir

Talað mál, hlustun og áhorf

- Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.
- Getur sagt frá atburði eða fyrirbæri og tjáð sig frammi fyrir hópi.
- Getur hlustað og horft af athygli á valið efni og greint frá upplifun sinni.

Lestur og lesskilningur

- Getur þekkt og beitt einföldum aðferðum við lestur.

- Getur valið og lesið sér til ánægju fjölbreytt lesefni sem hæfir aldri.

Bókmenntir

- Getur unnið með ævintýri og sögur ætluð börnum.

Ritun og reglur

- Getur dregið rétt til stafs, skrifað skýrt og læsilega.
- Getur beitt einföldum stafsetningarreglum og einföldum reglum við greinarmerkjasetningu.

Mál og málnotkun

- Getur áttað sig á sköpunarmætti tungumálsins svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki.
- Getur sett fram eigin hugmynd í texta, metið og lagfært með eða án hjálpargagna.
- Getur búið til setningar og málsgreinar og notað til þess algengar samteningar.

Bekkjarnámskrá Stærðfræði – 2. bekkur
Skólaárið 2025 -2026



Kennari: Harpa Björgvinsdóttir og Sigríður G Guðlaugsdóttir

Tímafjöldi: 7 kennslustundir á viku

Markmið

- tekið þátt í samræðum um stærðfræði
- leyst stærðfræðiþrautir
- Að nemandi geti notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðarmerki.
- notað talnagrind, talnalínu og einingakubba
- Kunni skil á náttúrulegum tölum
- Kunni skil á tugakerfi, frádrátt og samlagningu
- Notað hugtök úr rúmfræði svo sem form, stærð og lengd
- Nemandi þekki tölustafina frá 1 – 100
- Haft lestrarhraða upp á 40 – 100 orð á mín við lok 2.bekkjar

Námsefni

- Sproti 2a og 2b, nemendabækur og æfingabækur
- kubbar, vasareiknir, teningar og fleira
- Stærðfræðispæjarinn 1 og 2
- Ýmis aukaverkefni
- Skrift - Tölustafir

Kennsluaðferðir

- Unnið er með tölurnar frá 1 – 100
- Innlögn frá kennara
- Hópavinna
- Einstaklingsvinna.
- spil og leikir

Námsmat

- Fylgst er með framvindu náms hvers nemanda jafnt og þétt yfir skólaárið
- Kaflapróf
- Umræður og verkefni

Hæfniviðmið – námsþættir

Vinnulag stærðfræðinnar

- Getur notað rétt heiti yfir stærðfræðitákn og nýtt þau rétt við útreikninga.
- Getur unnið, einn og í samvinnu, að lausnum á stærðfræðilegu viðfangsefni með því að kanna og rannsaka.
- Getur tekið þátt í samræðum um stærðfræði, hugtök hennar og lausnaleyðir.
- Getur nýtt sér verkfæri og hlutbundin gögn sem þarf til að finna lausn á stærðfræðilegum viðfangsefnum.

Tölur og reikningar

- Getur raðað náttúrulegum tölum.
- Getur notað grunnreikniaðgerðir til að finna lausnir á og takast á við verkefni daglegs lífs og fjármála og skilið verðgildi.
- Getur lesið úr einföldum myndritum.

Algebra

- Getur kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnarunum og myndrænum mynstrum og spáð fyrir um framhald mynsturs.

Tölfræði og líkindi

- Getur safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið og túlkað á einfaldan hátt.
- Getur talið, flokkað og skráð, lesið og túlkað niðurstöður og sett upp í einföld myndrit, með og án stafrænnar hjálpartækja.

Rúmfræði og mælingar

- Getur notað hugtök úr rúmfræði, til að lýsa hlutum í umhverfi sínu.
- Getur speglað og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum.
- Getur lesið og notað mismunandi framsetningu á tíma, notað skífu og stafræna klukku og lesið tímatöflur.
- Getur borið kennsl á tening, kúlu, keilu, sívaling, pýramída og strendinga.
- Getur gert óformlegar rannsóknir á tví- og þrívíðum formum, teiknað skýringarmyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu.

Bekkjarnámskrá Náttúrugreinar – 2. bekkur

Skólaárið 2025 -2026



Kennari: Harpa Björgvinsdóttir og Sigríður G Guðlaugsdóttir

Tímafjöldi: 4 kennslustundir á viku

Markmið:

- Að nemandi geti gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og að lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana.
- Útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi og framkvæmt einfaldar athuganir.
- Útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannslíkamans, mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefns.
- Gert grein fyrir hvernig holl fæða er samsett úr öllum flokkum fæðuhringsins.
- Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, sýnt félögum og náttúru alúð.
- Tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru, flokkað úrgang, þekkt skaðleg efni og hvernig ýmsir sjúkdómar og sýklar eru smitandi.
- Rætt hvernig uppfinningar hafa gert líf fólks auðveldara eða erfiðara, á heimilum og í ólíkum atvinnugreinum.

Námsefni:

- Regnbogafiskurinn
- Komdu og skoðaðu land og þjóð
- Komdu og skoðaðu hvað dýrin gera
- Risaeðlutíminn
- Komdu og skoðaðu umhverfið

- Komdu og skoðaðu hafið
- Komdu og skoðaðu líkamann
- Milli himins og jarðar
- Mínir einkastaðir
- Fræðsla af netinu

Kennsluaðferðir

- Innlögn frá kennara
- Sjálfstæð vinna
- Samvinna og umræður
- Spil og leikir
- Vettvangsferðir

Námsmat:

- Mat er unnið út frá hæfnisviðmiðum
- Verkefni
- Umræður
- Virkni í tímum

Hæfniviðmið – námsþættir

Vinnulag náttúruvísinda

- Getur framkvæmt einfaldar athuganir og skráð mælingar.

- Getur notað einföld hugtök í náttúruvísindum við athuganir og í umræðu.

Umhverfið

- Getur sagt frá og áttað sig á náttúruvernd í nærumhverfi sínu.
- Getur gert sér grein fyrir nokkrum einkennum veðurfars.
- Getur gengið vel um umhverfið og átti sig á mikilvægi þess.

Lífið

- Getur rætt um helstu einkenni lífvera og lífsskilyrði þeirra.
- Getur gert sér grein fyrir tilvist örvera í umhverfinu.
- Getur lýst helstu einkennum valinna dýra.
- Getur lýst byggingu og starfsemi mannslíkamans á einfaldan hátt.
- Getur tjáð sig á einfaldan hátt um einkastaði líkamans og borið virðingu fyrir þeim.
- Getur rætt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu, hvíldar og svefns.
- Getur sagt frá eigin upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi.

Efnin

- Getur þekkt og flokkað algeng efni.

Orkan

- Getur útskýrt muninn á heitu og köldu.

Alheimurinn

- Getur nefnt dæmi um náttúruhamfarir sem búast má við á Íslandi.

Bekkjarnámskrá Samfélagsgreinar– 2. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennari: Harpa Björgvinsdóttir og Sigríður G Guðlaugsdóttir

Tímafjöldi: 5 kennslustundir á viku

Markmið:

- Að nemandi þekki umhverfi, samfélag og menningu í sínu nærumhverfi.
- Skilið hugtök s.d tillitsemi-samvinna og jafnrétti, hvaða merking felst í þeim.
- Að nemandi læri um styrkleika sína og vinni að jákvæðri sjálfsmynd.
- Að nemandi geti unnið í hóp og rætt sínar hugmyndir með það til hliðsjónar að taka tillit til skoðana annara.
- PBS

Kynbundið ofbeldi

- Kynbundið og kynferðislegt áreiti og ofbeld. Forvarnir og fræðsla fer fram í öllum árgöngum og er unnin upp úr skýrslu UNESCO. Unnið er með áherslur UNESCO á hverju aldursári og farið meira á dýptina eftir því sem nemendur eldast.
- Áhrerslur 2. Bekkjar eru fjölskyldur, vinátta , örugg netnotkun, samþykki og einkalíf, mannréttindi, jafnrétti kynja og samskipti

Unicef

- Á haustönn vinnum við verkefnið Bekkjarsjáttamáli
- Á vorönn vinnum við verkefnið Afmælisveislan

Námsefni:

- Könnun kortin 1 og 2
- Aðgát í umferðinni

- Halló heimur 1 og 2, ásamt verkefnabókum
- Bækurnar, Ég og hinir og Ég og landið mitt
- PBS, nemendur útbúa bekkjarsáttmála og verður hann til sýnis inni í kennslustofu

Kennsluaðferðir

- Innlögn frá kennara,
- Verkefnavinna
- hópavinna og samræður.
- Vettvangsferðir og fleirra.

Námsmat:

- Námsmat unnið út frá hæfniviðmiðum
- Verkefni og verkefnabækur
- Umræður
- Virkni í tímum

Hæfniviðmið – námsþættir

Vinnulag samfélagsgreina

- Getur rætt um samfélagið.
- Getur sett sig í spor jafnaldraog fjölskyldu meðlima.
- Getur miðlað þekkingu sinni og skoðunum.
- Getur tekið þátt í samstarfi og sameiginlegum ákvörðunum í jafningjahópi.

Sjálfsmynd

- Getur sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af uppruna, búsetu og fjölskyldu.
- Getur áttað sig á mikilvægi næringar, hvíldar, svefns, hreyfingar og hreinlætis.
- Getur áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, tilhlökkun, sorg og reiði.
- Getur sýnt sjálfum sér og öðrum virðingu og sagt frá því hvernig það er hægt.
- Getur gert sér og öðrum grein fyrir hvar eigin styrkur og áhugi liggur.
- Getur áttað sig á mikilvægi jákvæðra viðhorfa fyrir sjálfan sig.

Siðferði og trú

- Getur áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform.
- Getur sýnt þekkingu á reglum í samskiptum og útskýrt tilgang þeirra.

Borgarvitund

- Getur rætt um réttindi sín og skyldur og þekkir til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Getur áttað sig á að hver einstaklingur er hluti af stærra samfélagi.
- Getur sagt frá nokkrum stofnunum samfélagsins.
- Getur varast hættur á heimili sínu, í umferðinni og nærumhverfi.
- Getur sagt frá umferðarreglum og farið eftir þeim.
- Getur rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra.
- Getur áttað sig á mikilvægi samhjálpar í samfélaginu.

Saga

- Getur áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna.

Jörðin okkar

- Getur gert sér grein fyrir mikilvægi sínu í umgengni um og vernd náttúrunnar.
- Getur nefnt dæmi um hvernig maðurinn nýtir náttúruna til að lifa af.

Bekkjarnámskrá Sjónlist – 2. bekkur
Skólaárið 2025 -2026



Kennarar: Harpa Björgvinsdóttir og Sigríður G Guðlaugsdóttir

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku

Markmið

- Sjónlist er í eðli sínu skapandi námsferli.
- Að taka þátt í að skapa, greina og njóta listar stuðlar að því að nemendur þjálfast í að upplifa list ásamt því að þróa með sér samkennd, umburðarlyndi og gagnrýnninn skilning á heiminum.
- Alls staðar í umhverfi okkar er sjónrænt áreiti sem mikilvægt er fyrir nemendur að læra að lesa og greina.
- Einnig læra nemendur að samhæfa hug og hönd, temja nemendum rétt vinnubrögð, rétta og örugga notkun áhalda.
- Áhersla lögð á frjálsslega og skapandi vinnu, ásamt þjálfun fínhyfinga, vandvirkni og sjálfstæði.
- Nemendur læra að klippa efni, nota skæri og vinna með ýmis efni.

Námsefni:

- Hin ýmsu verkefni
- Blöð – pappír – spjöld
- Skæri – lím – perlur – skraut – efni
- Ýmis konar litir og málning

Kennsluaðferðir:

- Sýnikennsla hjá kennara
- Frjáls verkefni

- Vettvangsferðir
- Hópverkefni - einstaklingsverkefni

Námsmat:

- Vinnubrögð og vandvirkni ásamt virkni nemanda
- Sjálfstæði og beiting nemanda
- Teikningar og önnur verkefni

Hæfniviðmið – námsþættir**Sköpun og Fagurfræði**

- Getur tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.
- Getur notað einfaldar aðferðir og beitt viðeigandi áhöldum til þess að skapa.
- Getur skreytt myndverk sitt á einfaldan hátt.

Umhverfi

- Getur notað ný og endurunnin efni í vinnu.

Félagsfærni og gagnrýnin hugsun

- Getur fjallað um eigin verk og annarra á einfaldan hátt.
- Getur unnið sjálfstætt eða í hópum.
- Getur farið eftir einföldum fyrirmælum.

Bekkjarnámskrá Sund – 2. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennari: Birna Björk Þorkelsdóttir

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku

Markmið

Læra allar helstu sunaðferðir og geti notað þær til líkamsræktar og ánægju.

Námsefni

Öll helstu áhöld sundlauga, sundfit, kork, kútar og fleira.

Kennsluaðferðir

Kennari leggur fyrir verklegar æfingar fyrir nemendur og útskýrir þær munnlega og/eða með sýnikennslu. Æfingar sem gerðar eru á sundstigsprófum eru æfðar yfir veturinn með endurteknum æfingum.

Námsmat

Frammistöðumat: Virkni nemenda í tímum skráð til bókar.

Verklegt próf, nemendur taka sundpróf og ljúka 2. sundstigi.

Hæfniviðmið – námsþættir

- Getur tekið þátt í fjölbreyttum leikjum í vatni.
- Getur notið sín í vatni.
- Getur bjargað sér í vatni.

Bekkjarnámskrá Skólaíþróttir – 2. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennari: Birna Björk Þorkelsdóttir, Frans Elvarsson og Sindri Kristinn Ólafsson

Tíma fjöldi: 2 kennslustundir á viku

Markmið

Markmið er að örva hreyfiproska nemenda og efla afkastagetu þeirra. Efla félagsþroska nemenda í formi leikja og samvinnu. Kenna þeim ábyrgð á eigin heilsu með því að tileinka sér markvissa ástundun, íþróttir eða líkamns og heilsurækt.

Námsefni

Öll almenn áhöld íþróttahúsa

Kennsluaðferðir

Námið fer að miklu leyti fram í leikjaformi þar sem nemendur virkja hreyfipörf, efla skynfæri líkamans og styrkja gróf- og fínhyrningar. Auk þess er lögð áhersla á grunnatriðið í flestum íþróttagreinum sem og stöðvarþjálfun og útihlaup.

Námsmat

Virgni, viðhorf, hæfni og hegðun eru matsþættir sem íþróttakennari metur jafnt og þétt yfir skólaárið. Nemandi fær einkunn sem er síðan reiknuð út úr matsþáttum.

Hæfniviðmið – námsþættir

Líkamsvitund, færni og afkastageta

- Getur gert æfingar sem reyna á þol í íþróttum.
- Getur gert æfingar sem styrkja hreyfifærni líkamans.
- Getur gert almennar liðleikaæfingar.

- Getur gert hreyfingar sem styðja við samhæfingu hægri og vinstri.
- Getur gert einfaldar rytmískar æfingar.
- Getur tekið þátt í boltaleikjum og sýnt boltafærni.
- Getur tekið þátt í æfingum með áherslu á mótun hreyfifroska.
- Getur tekið þátt í stöðluðum prófum.

Félagslegir þættir

- Getur sýnt virkni og vinnusemi í æfingum og leikjum.
- Getur skilið einfaldar leikreglur og tekið þátt í leikjum.
- Getur skilið mikilvægi leikreglna og farið eftir þeim.
- Getur skilið þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leik.

Heilsa og heilsuefling

- Getur tekið þátt í skipulagðri útivist í náttúrunni og áttað sig á og varast hættur sem fylgt geta.
- Getur tekið þátt í heilsurækt í nærumhverfi.
- Getur gert einfaldar mælingar og talningar í leikjum eða æfingum.
- Getur tekið þátt í leikjum.

Öryggi og hreinlæti

- Þekkt til helstu öryggisreglna í skólaíþróttum.
- Getur gert viðvart ef óhapp verður.
- Getur skilið mikilvægi hreinlætis í tengslum allar við íþróttir.

Bekkjarnámskrá Upplýsinga- og tæknimennt – 2. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennari: Jovana Dedeic

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku

Markmið

Að nemendur þjálfí fingrasetningu og þekki helstu grunntök á lítill/stór stafur, bil, punktur og komma. Geti farið inn á kennsluforrit og unnið í þeim. Að nemandi geti vistað og skráð sig inn og út.

Námsefni

Borðtölva, efni frá kennara.

Kennsluaðferðir

Innlögn frá kennara, æfingar á netinu.

Námsmat

Mat út frá hæfnisviðmiðum

Hæfniviðmið – námsþættir

Upplýsinga- og miðlalæsi

- Getur leitað að og valið viðeigandi upplýsingar og stafrænt efni.

Sköpun og miðlun

- Getur nýtt hugbúnað við einfalda netmiðlun.

Stafræn borgaravitund

- Getur beitt góðri líkamsstöðu við notkun stafrænnar tækni og útskýrt muninn á jákvæðum og neikvæðum skjátíma og sagt frá hvernig notkun stafrænna miðla getur haft áhrif á líðan.
- Getur gert sér grein fyrir mikilvægi þess að leita til fullorðinna ef hætta eða áreiti skapast á netinu.

- Getur þekkt hugtakið neteinelti og einfaldar reglur í samskiptum og myndbirtingum á netinu og þekkt leiðir til að vernda sig og aðra fyrir neteinelti.
- Getur útskýrt á einfaldan hátt hvað persónuupplýsingar eru og hverju má og má ekki deila í stafrænu umhverfi.

Launsaleit

- Getur nefnt dæmi um einfaldan stafrænan stuðning í námi.
- Getur þekkt ýmsan hugbúnað og tæki og nýtt þau til að leysa einfaldar þrautir.
- Getur þekkt mismunandi tegundir tölva, snjalltækja og helstu jaðartæki og nýtt til menntunar.